

## **Athugun á starfsemi VBS Fjárfestingarbanka hf.**

Pann 25. september 2009 var framkvæmd athugun á starfsemi VBS Fjárfestingarbanka hf. (VBS). Athugunin beindist að tilteknum þáttum í starfsemi eignastýringar bankans. Um var að ræða eftirfylgni við skoðun Fjármálaeftirlitsins á eignastýringu VBS í ágúst 2008. Í kjölfar athugunarinnar voru stjórnendum VBS afhentar niðurstöður til yfirlstrar og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði fyrrgreindra laga. Gagnsæisstefna Fjármálaeftirlitsins er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/?PageID=404>.

## **Upplýsingagjöf til viðskiptavina**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við upplýsingagjöf eignastýringar VBS til viðskiptavina. Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi haustið 2008 hefur verið nær frost á fasteigna- og fjármálamarkaði sem hefur leitt til þess að viðskiptavinir eignastýringar VBS, sem eiga veðskuldabréf, hafa átt í erfiðleikum með að innleysa eignir sínar.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við yfirlit VBS sem send voru til viðskiptavina eignastýringar bankans. Í mörgum tilvikum var virði veðskuldabréfa í vanskilum skráð hærra eftir því sem vanskil höfðu staðið lengur. Þótt slík hækkun geti verið vegna áfallinna vaxta og dráttarvaxta er það mat Fjármálaeftirlitsins að uppgefið virði gefi ekki rétta mynd af virði bréfanna og ávöxtun eignasafnsins í ljósi vanskila útgefenda. Fjármálaeftirlitið vísaði í þessu samhengi til 1. mgr. 14. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og 30. gr. reglugerðar um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 995/2007.

Fjármálaeftirlitið beindi því einnig til VBS að ítarlegri upplýsingar yrði að finna á heimasíðu bankans um áhættu tengda þeim fjármálagerningum sem væru í eignastýringarsafni hans.

## **Eftirlit með útgefendum veðskuldabréfa**

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að VBS fylgdist ekki nægilega með útgefendum veðskuldabréfa en bréfin eru hluti eignastýringarsafns bankans. Fjármálaeftirlitið benti á að mikilvægt væri að reglulega færi fram mat á fjárhagslegri stöðu útgefendanna. Slíkt mat gæti samanstáð af fjárhagslegum þáttum og öðrum þáttum. Auk framangreinds var mælt til þess að lagt væri mat á stjórn og stjórnendur og þær ytri aðstæður sem kynnu að hafa áhrif á rekstur og efnahag lántakanda. Þá væri nauðsynlegt að niðurstaða fjárhagslegrar greiningar væri skjalfest. Að lokum benti Fjármálaeftirlitið á að nauðsynlegt væri að verðmat á fasteignum færi reglulega

fram, ekki síst í ljósi erfiðra aðstæðna á fasteignamarkaði. Ekki var að sjá af þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitið aflaði að VBS hefði fylgst með útgefendunum með reglubundnum hætti.